

# Stjórnarfundur

25. ágúst 2008

Fundargerð

Stjórn SSA

Vopnafirði: Félagsheimilið 25. ágúst 2008 kl. 13.00.

Mættir :Bj. Hafþór Guðmundsson , Ólafur Ármannsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur Sigurðsson,Guðmundur R. Gíslason, Díana Sveinsdóttir , Páll Baldursson, Reynir Arnarson og Guðrún Ingimundardóttir .Framkvæmdastjóri SSA er mættur.

Gestur í hádegisverði á Hótelinu fyrir fundinn var oddviti Vopnafjarðarhrepps Aðalbjörn Björnsson.

## 1. Fundur settur.

Formaður setti fund og gengið var til fyrirliggjandi dagskrár.

## 2. Fundargerð stjórnar SSA 15. júlí 2008.

Fundargerðin staðfest.

## 3. Frá Landshlutasamtökum.

3/1 F.V: Boð á 35. Fjórðungsþing Vestfirðinga 5.-6. sept.

Lagt fram.

3/2 SSV. Boð á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 18. sept . nk.

Lagt fram.

## 4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .

4/1 Umsögn G.B. 17/7 08 til Nefndarsvið Alþingis.

A: 374. mál Breytingartillögur við frumv.til skipulagslaga.

B: 375. mál Breytingartillögu við frv.til um mannvirki

C: 376. mál Drög að breytingartillögum við frumvarp -brunavarnir .

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu áherslur og breytingar og sagði að þær væru margar samstíga umsögn SSA frá 11. apríl sl. Útfærsla landsskipulagsáætlana í frumvarpinu mætir mikilli andstöðu sveitarfélaga og tekur stjórnin undir að frekari vinna og umræða þarf að fara fram . Aðildarsveitarfélög SSA eru hvött til þess að kynna sér tillögurnar og senda inn athugasemdir.

4/2 Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga .bréf dags. 11.08.08

Í umræðu stjórnarmanna kom fram stuðningur við bókun í fundargerð stjórnar 15. júlí sl . lið 3/2 um þáttöku SSA í Evrópu tengdum verkefnum og ferðalögum þeim tengdum.

#### 5. A.: Ársreikningur SSA 2007.

Sjá bókun og samþykkt stjórnar á fundi 15. júlí sl. lið 5.

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðutölur.(sjá meðf. greinargerð. )

**Stjórn SSA samþykkir fyrir liggjandi ársreikning SSA 2007 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu á aðalfundi SSA 26-27. sept. nk.**

B. : Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA 2008.

Sjá bókun og samþykkt stjórnar SSA á fundi 15. júlí liður 6.

Framkvæmdastj. fór yfir helstu breytingar .(sjá meðf. greinargerð .)

**Stjórn SSA samþykkir fyrir liggjandi endurskoðaða fjárhagsáætlun SSA 2008 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu á aðalfundi SSA 26-27. sept. nk.**

C : Frjárhagsáætlun SSA 2009.

Sjá bókun og samþykkt stjórnar SSA á fundi 15. júlí liður 6.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður (sjá meðf.greinargerð )

**Stjórn SSA samþykkir fyrir liggjandi fjárhagsáætlun SSA 2009 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu á aðalfundi SSA 26-27. sept. nk.**

D: Bréf Sig.H..Pálsson endurskoðandi til stjórnar SSA.

Bréfið inniheldur skilning endurskoðanda og áherslur á verkefnum og ábyrgð stjórnenda SSA. Framkvæmdastjóri hefur undirritað bréfið.

#### 6: Aðalfundur SSA á Djúpavogi 26.-27. sept. 08.

6/1 Dagskrá og önnur skipulagsatriði.

Farið yfir helstu atriði í dagskrá , tímasetningar, framsögur o.fl. Hefðbundið.

Framkvæmdastjóri verður á Djúpavogi hjá formanni um mánaðarmótin og þar fara þeir saman yfir alla aðstöðu og annað skipulag. Stjórnarmenn skipta á sig að venju og flytja tillögur frá stjórn og stofnunum til aðalfundar. Framkvæmdastjóri í samvinnu við stofnanir kemur tillögum frá þeim á framfæri til stjórnar . Stjórnarmenn í samvinnu við sín

heimasveitarfélög fylgja eftir til aðalfundar tillögum frá þeim. Vinnufundur stjórnar verður á venjubundnum stjórnarfundi fyrir aðalfund 25. sept og f.h. 26. sept.

6/2 *Menningarverðlaun SSA 2008.*

Framkvæmdastjóri upplýsti að auglýsing væri farin í Dagskrána með tilnefningarfresti til 15. september. Samantekt tilnefninga verða sendar stjórnarmönnum þegar þær liggja fyrir. Afgreiðsla á símafundi:

#### **7. Drög : Breytingar á Samþykktum SSA :**

Formaður fór yfir fyrirleggjamdi breytingar : Sem verða :helstar:

2.gr. Fækka þjónustusvæðum í tvö Norður og Suðursvæði .

6.gr. Kjörgengi til aðalfundar útvíkkað .Þannig : Einnig verði kjörgengir starfsmenn í stjórnarsýslu sveitarfélaga.

7.gr. Stjórnarmönnum fækkað um tvo verða alls 7.

Flakkarinn ( sjöundi maður ) kosinn til skiptis af þjónustusvæðunum.

**Stjórn SSA samþykkir að fyrirleggjandi breytingar á Samþykktum SSA verði lagðar fram til staðfestingar á aðalfundi SSA.**

Framkvæmdastjóra falið að kynna tillögur, fyrir aðildarsveitarfélögunum, um breytingar á samþykktunum tímanlega fyrir aðalfundinn.

#### **7. Norð-austurnefndin : Næstu skref.**

Formaður sagði frá því að baklandið hafi haldið fund með framkvæmdastjóra SSA og formanni NAN nefndarinnar Halldóri Árnasyni á Egilsstöðum 8. ágúst sl. þar sem m.a farið var yfir tillögur nefndarinnar og framhaldsvinnu við framkvæmd þeirra. Staðbundnar tillögur eru nú farnar í framhalds - vinnslu hjá nefndinni en baklandið mun koma saman fyrir mánaðarmót og setja fram sína sýn á framkvæmd annarra tillagna nefndarinnar. Nefndin hefur sótt um fjármagn í fjáráaukalög 2008 og fjárlög 2009 til að mæta verkefnum.

#### **7. Bréf og erindi sem borist hafa :**

9/1 Hornafirði dags. 4. júlí- Efni : Úrsögn úr SSA .

Samþykkt að vísa úrsögninni til afgreiðslu aðalfundar SSA.

Sjá bókun í upphafi fundar stjórnar SSA 15. júlí sl.

9/2 Menntamálaráðuneytið : Menntaþing 12. sept.

Lagt fram.

9/3 Þræðir : Ævi og störf Hrafnkels A. Jónssonar.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 50.000.*

*9/4 Samgönguráðuneyti dags. 20. ágúst2008 .*

Óskað hefur verið eftir því að SSA fyrir hönd landshlutasamtakanna leiti eftir tilnefningu þeirra( einn fulltrúi ) í starfshóp sem fjalla á um landshlutasamtök sveitarfélaga og svæðisbundna samvinnu sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri hefur þegar sent landshlutasamtökunum erindið og óskað eftir tilnefningum þeirra. .

Formaður SSA hefur þegar tilnefnt framkvæmdastjóra SSA í starfshópinn.

Í starfshópnum eiga sæti einn fulltrúi Iðnaðarráðherra ,einn sameiginlegur fulltrúi landshlutasamtakanna ,einn fulltrúi Sambands isl. sveitarfélaga og tveir fulltrúar samgönguráðherra sem skipar formanninn.

## **7. Önnur mál.**

*10/1 Styrkir ríkisvaldsins til aðildarsveitarfélaga v/ mótvægisáðgerða.*

Framkvæmdastjóri hefur með vísan til 8.liðar B í fundargerð stjórnar frá 15. júlí sl. tekið saman upplýsingar um veitta styrki . Upplýsingarnar eru ekki tæmandi. Samþykkt að senda til aðildarsveitarfélaganna .

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. 14.48.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

Að loknum fundi stjórnar SSA hófst stjórnarfundur Héraðsnefndar Múlasýslna .

Að loknum fundi stjórnar HNM buðu Vopnfirðingar til Múlastofu í Kaupvangi .

Þar bauð Aðlbjörn Björnsson oddviti stjórn SSA velkomna og sagði frá aðdraganda að stofnun Múlastofu en hún var opnuð fyrir hálfum mánuði . Einnig eru í húsinu Vesturfasetur Austurlands og bókasafn og skrifstofa-húsgögn Ásgríms heitins Halldórssonar f.v. kaupfélagsstjóra á Vopnafirði. Þjóðlegar veitingar í boði Vopnafjarðarhrepps voru

framreiddar og kynntar sérstaklega m.a. af Önnu Pálu Víglundsdóttir ( varamaður í stjórn SSA).

Múlastofa þeirra Jóns og Jónasar Múla er skemmtilega uppsett og sýnir vel hversu þeir bræður voru virkir og vinsælir hjá þjóðinni og verk þeirra lifa vel og munu lifa með landsmönnum um ókomna tíð.

Ljóst er að Vopnfirðingar hafa með framtaki sínu með Múlastofu sett af stað verkefni sem tekið verður eftir á næstu árum og býður upp á fjölbreytta möguleika Það mun vafalítið styrkja ferðaþjónustuna og annað atvinnulíf í byggðarlaginu.

Til hamingju með framtakið sagði formaður SSA þegar hann þakkaði heimamönnum fyrir móttökurnar.